



Helga Möller og Baklandið heimsóttu Snæfellsnes

Helga Möller og Baklandið eru um þessar mundir á ferðalagi um Vesturland og Reykjanes og syngja jólin inn í hjórtu landsmanna. Hófu þau söngferðalagið í Samkomuhúsinu í Grundarfirði þann 6. desember síðastliðinn og færðu sig svo yfir í félagsheimilið Klif í Ólafsvík daginn eftir. Um var að ræða notalega kvöldstund og jólastemningu þar sem Helga Möller og Grétar Lárus Matthíasson sungu fyrir gesti við undirspil Grétars á gítar, Kristins Gallager á bassa, Helga Víkingsson á trommur og Halla Hólmss á píanó.

Ferðalagið er ekki lokið en eftir að hafa spilað í Grundarfirði og Ólafsvík heldur hljómsveitin á fimm aðra staði, en síðustu tónleikarnir verða í Mosfellsbæ á Þorláksmessu.

SJ



Jólatré úr heimabyggð á Jaðar



Síðastliðinn fimmtudag gaf Skógræktarfélag Ólafsvíkur dvalarheimilinu Jaðri glæsilegt 3,5 metra hátt jólatré.

Jólatréð stendur fyrir framan Jaðar og hefur verið skreytt með jólaljósum. Tréð er um það bil 20 ára gamalt Sitkagreni. Grenið var felt inni í RARIK-skógi sem

er austast á svæði Skógræktarfélagins. Samkvæmt félaginu mun þetta verða árlegur viðburður að sjá dvalarheimilinu fyrir jólatré. Á myndinni eru Vagn Ingólfsson og Hilmar Már Arason úr stjórn skógræktarfélagins að afhenda Kristni Jónassyni og Steiney Kristínu Ólafsdóttur tréð fyrir utan Jaðar.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Nespinga.

Árlegt jólahappadrætti Lkl. Nespinga verður haldið 23. desember kl. 17:00 og hvetjum við alla til að mæta.

Miðar verða til sölu í Hraðbúð Hellissands og Fönin og á Þorláksmessu í félagsh. Röst á milli kl. 16-17.

ATH engin posi á staðnum.



Fjöldi veglegra vinninga

Aðeins dregið úr seldum miðum.

Miðaverð 300kr.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Jólabasar Félags eldri borgara

Sunnudaginn 26. nóvember fór árlegur jólabasar Félags eldri borgara í Snæfellsbæ fram í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík. Vandaður varningur úr smiðju meðlima félagsins var til sölu, þrjónavörur, blásið gler, útskorinn víður og jólaskraut svo eitthvað sé nefnt að ógleymdum kökunum, brauði, kæfu og sultum. Jólalegir félagar eldri borgara Snæfellsbæjar stóðu vaktina og líkt og áður var kaffisalan á sínum stað. Þá gátu gestir

gætt sér á nýbökudum vöflum og heitu súkkulaði eða kaffi. Aðsóknin á jólabasarinn var órlítið minni en hefur verið undanfarin ár en skrifast það eflaust á mikil veikindi í samfélaginu síðustu misseri og mikinn ferðahug í bæjarbúum rétt fyrir jólahátíðina. Þó var töluverð umferð um basarinn af fólki að næla sér í fallegar vörur í jólapakkann eða á heimilið í góðum félagskap.

SJ

HÚS TIL LEIGU Á HELLISSANDI



Til leigu
80fm einbýlishús
á Hellissandi
frá 1. janúar 2024.

Upplýsingar veittar
í síma 697 3864.

Priðja teymið í viðskiptahraðli Vesturbrúar



Íbúakönnun landshlutanna

Íbúakönnun landshlutanna er nú í gangi á öllu landinu. Í könnuninni er lögð áhersla á að spyrja þátttakendur um mat þeirra á búsetuskilyrðum, almenna velferð, stöðu þeirra á vinnumarkaði og hver fram tíðar-áform þeirra séu um búsetu. Íbúakönnun landshlutanna er samstarfsverkefni landshluta-samtaka á landsbyggðinni og Byggðastofnunar og hefur verið í gangi síðan árið 2004. Hún er framkvæmd á þriggja ára fresti og er ætlunin að halda því áfram til þess að afla gagna um stöðu byggðanna á landinu í þeim tilgangi að reyna að bæta lífs- og búsetuskilyrði hérlendis. Gögn

þessara íbúakönnanna hafa nú þegar gefið þeim sem vinna að byggðaðróun og á sveitarstjórnarstiginu mikilvægar upplýsingar um raunverulega stöðu í hinum ýmsu byggðum um land allt eins og sjá má til dæmis á mælaborði sem finna má á heimasíðu Byggðastofnunar. Allir íbúar eru boðnir velkomnir í þessa könnun en eins og er vantar meiri þátttöku frá íbúum á Snæfellsnesi, þá sérstaklega ungu fólki og íbúum af erlendur uppruna. Það tekur um 12 mínútur að svara könnuninni en hægt er að finna hlekk á hana á vefsíðu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

SJ

Í síðasta tölublaði Jökuls var fjallað um viðskiptahraðalinn Vesturbrú sem er sá fyrsti sinnar tegundar á Vesturlandi. Sagt var frá því að á meðal þeirra 10 teyma sem munu njóta leiðsagnarværu Bjargarsteinn og Snæfellsnes Adventures úr Grundarfirði. Mistök voru gerð í greininni og gleymist að nefna þriðja teymið frá Grundarfirði sem mun taka þátt í viðskiptahraðalnum en það er Marman sem þróar og framleiðir vörur úr handtýndu þangi frá Vesturlandi, meðal annars úr þunguþangi sem minnjagripir fyrir ferðamenn. Fyrri lota Vesturbrúar fór fram dagana 27. nóvember til 7. desember síðastliðinn og senni lotan fer svo fram í janúar.

SJ

Útgáfa Jökuls á næstunni

Jólablað Jökuls kemur út fimmtudaginn 21. desember, efni, jólakveðjum og auglýsingum þarf að skila fyrir kl. 17 föstudaginn 15. desember.

Á milli jóla og nýárs kemur Jökull út fimmtud. 28. des., efni og auglýsingum þarf að skila fyrir kl. 16 miðvikudag 27. des.



STEINPRENT

436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is

Bókasafn Grundarfjarðar í Sögumíðstöðinni.

Opið verður um jólahátíðina 2023 sem hér segir:

Til fimmtudagsins 21. des. kl. 13-17.
Miðvikudaginn 27. des og
fimmtudaginn 28. des. kl. 13-17.



Bokasafngrundarfjarðar
<http://www.grundarfjordur.is/>

Fólkið Fjöllin Fjörðurinn bækurnar til sölu á bókasafninu, nr. 2-10. Sjá:

www.grundarfjordur.is/is/mannlif/menning/folkid-fjollin-fjordurinn

Ég óska viðskiptavinum bókasafnsins, gestum Sögumíðstöðvar og Grundfirðingum öllum gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýju ári og þakka fyrir góð samskipti.

Starfsfólk Upplýsingamiðstöðvar í sumar, Bæringsstofu og bókasafnsins, nú síðast Ríkey sem hefur staðið vaktina í haust, Einar og Olga Sædis fá innilegar jólakveðjur og þakki fyrir samvinnuna.

Bestu kveðjur, Sunna.



**FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111



Sími: 430 3700
www.fmis.is

CERTIFIED
SUSTAINABLE
SEAFOOD
MSC



www.msc.org

Þú færð ýmislegt í jólapakkann hjá okkur



.origo.

- Sjónvörp
- Hljóðstangir
- Hátalarar
- Bose heyrnatól
- Sony heyrnatól
- Lenovo fartölvur

ORMSSON

- Heimilistæki
- Sjónvörp
- Heyrnartól frá B&O
- Leikjaheyrnatól
- Snjallsímar
- Google Nest netlausnir



 **CINTAMANI**

- Flíspeysur
- Ullarpeysur
- Úlpur og jakkar
- Flísvettlingar
- Lúffur fyrir börn og fullorðna

- Apple TV
- AirTag
- AirPods
- iPad
- MacBook fartölvur

 **VIKING**
NORWEGIAN FOOTWEAR SINCE 1983

- Stígvél
- Skór
- Ullarnærfatnaður á börn
- Lambhúshettur á börn

 **MARWEAR**

- Hettupeysur
- Stuttermabolir
- Regnfatnaður
- Ullarsokkar
- Vinnusokkar
- Kuldagallar

 **DIDRIKSONS**

- Úlpur
- Jakkar
- Snjóbuxur
- Vindbuxur
- Regnfatnaður
- Barnavettlingar

DEVOLD
NORWAY 1851

- Ullarnærfatnaður

